

Nr. 143 / 13 Skemmtibátur***Strandar í Eyjafirði***

Skipaskr.nr. Óskráður
Smíðaður: Noregi plast
Mesta lengd: 5,9 m
Vél: Mercruiser utanborðsvél 65 kW
Fjöldi skipverja: 4

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. september 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynt og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 10. september 2013 var nafnlaus skemmtibátur á siglingu á Eyjafirði. Veður S-5m/sek.

Báturinn var á siglingu frá Akureyri til Hjalteyrar en þegar komið var undan Gásum við mynni Hörgár tók hann fyrst niðri og strandaði á sandrifi. Formaður kallaði í strandstöð og bað um aðstoð og voru björgunarbátar frá Akureyri og Dalvík ræstir út. Áður en björgunarbátarnir komu óx vindur og við það losnaði utanborðsmótorinn af gaflinum og féll í sjóinn. Annar björgunarbátanna dró skemmtibátinn af strandstað og til Hjalteyrar.

Við rannsókn kom fram:

- að AIS tæki var ekki í bátnum og ferilskráning því ekki fyrirbyggjandi en strandstaður var á 65°47,496N og 18°09,216V;
- að siglt var á 20 hnútum og stefna sett frá smábátahöfninni í Sandgerðisbót norðan Akureyrar út á Hjalteyri vestan við Hörgárljósdúfl;
- að formaður sagðist hafa verið svona 300 til 400 metrar frá landi. Hann sagðist ekki hafa nýtt sér GPS staðsetningatæki við siglinguna heldur hafi hann siglt eftir sjónhendingu enda hafi hann oft siglt þessa leið áður. Hann sagðist ekki hafa neina þekkingu á siglingafræði enda ekki tekið námskeið í þá veru;
- að í bátnum var GPS staðsetningartæki tengt Garmin leiðsögukerfi og dýptarmælir.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var óvarleg sigling á grunnsævi.

Nefndin telur það vítavert kæruleysi formannsins að setja stefnu yfir grunnsævi og sigla án þess að gera athuganir á fyrirhugaðri siglingaleið.